



6.4.6 gr. byggingarreglugerðar, nr. 112/2012, síðari breytingar reglugerðar nr. 1173/2012,350/2013, 280/2014, 360/2016, 666/2016 og 722/2017
Lög um mannvirki, nr. 160/2010

Stigar, tröppur og þrep

Í grein 6.4.6 í byggingarreglugerð segir:

„Stigar og tröppur bygginga skulu þannig hannaðar og byggðar að þær séu öruggar fyrir notanda og þægilegar til gangs. Þær skulu gerðar úr traustum efnum og þannig gerðar að hættu á slysum sé haldið í lágmarki.

Greið leið skal vera að stigum og tröppum og merkingar sem vísa til þeirra skulu vera fullnægjandi að fjölda og gerð.

Sé þörf á tröppum í byggingum eða á svæðum sem almenningur hefur aðgang að skal reynt að hafa ekki færri uppstig en þrjú í hverjum tröppum. Eftir fremsta megni skal forðast að setja eitt þrep sem tröppu.

Almennt ber að forðast að hafa hvassan kant á frambrún þreps í byggingum eða slétta kanta, t.d. úr stáli eða öðrum efnum sem geta verið hál.

Bil milli þrepa í opnum stigum bygginga má ekki vera meira en 89 mm. Sé bil samsíða stiga, t.d. milli stiga og veggjar eða milli stigapalls og veggjar má slíkt bil ekki vera meira en 50 mm að breidd nema því aðeins að aðgangur að því sé hindraður t.d. með handriði.

Merking hæðarbreytinga í byggingum og stigapalla skal vera í samræmi við leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar.

Hönnun, frágangur og gerð stiga, s.s. opinna stiga, brunastiga o.þ.h., skal vera þannig að ekki sé hættu á að sjónskertir eða blindir gangi á þá eða innundir þá.

Mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessarar greinar.“

Leiðbeiningar


1 Í 1. mgr. 6.4.6 gr. segir: „Stigar og tröppur bygginga skulu þannig hannaðar og byggðar að þær séu öruggar fyrir notanda og þægilegar til gangs. Þær skulu gerðar úr traustum efnum og þannig gerðar að hættu á slysum sé haldið í lágmarki.“

Aðgengi um stigana skal vera gott fyrir alla svo sem fatlaða (sem geta gengið), aldraða og svo framvegis. Stigar og tröppur skulu vera með sama innstig og sama uppstig alla lengd sína. Mismunandi uppstig og innstig eykur hættu á að sá sem um stigann/tröppuna fer detti.

Æskilegt er að merkja tröppunef með efni með hálkuvörn með miklum mismun í lit við tröppurnar, lárétt og lóðrétt að hámarki 40 mm á kant. Merkja skal tröppunef þar sem algildrar hönnunar er krafist. Merkingar auðvelda sjónskertum að sjá þrepbrúnir.



Leiðbeiningar



Mynd 1. Dæmi um merkingar á tröppunefjum

Litamismunur á yfirborðsefnunum skal vera að minnsta kosti 60 mælt í LRV kerfinu (LRV = lysrefleksionsværdi) eða 0,4 á NCS skalanum (hlutfall endurkastshæfni ljóss) (NCS = Natural Color System sjá <http://www.ncscolour.co.uk>). Hlutfall endurkastshæfni ljóss fyrir einstaka liti er hægt að nálgast til dæmis í atlas fyrir NCS litakerfið. Hlutfall endurkastshæfni ljóss fyrir einstaka liti dregst hvert frá öðru. Notið t.d. ljóst upphleypt yfirborðsefni ef aðliggjandi yfirborðsefni er dökkt eða öfugt. Mikill mismunur þarf almennt að vera á litunum (að minnsta kosti 60 mælt eftir NCS - litakerfinu) þar sem hann minnkar með tímanum vegna þess að gólfefnin óhreinast. Forðast ber mjög dökka liti á ljósu yfirborðsefnum þar sem þeir geta virkað sem gat (hola) eða hæðarmunur fyrir til dæmis sjónskertum og heilabiluðum.




Mynd 2. Mismunur í LRV 60

- 2** Í 2. mgr. 6.4.6 gr. segir: „Greið leið skal vera að stigum og tröppum og merkingar sem vísa til þeirra skulu vera fullnægjandi að fjölda og gerð.“
- Á jarðhæð/aðalinngangshæð opinberra bygginga og atvinnu húsnæðis sem hannað er á grundvelli algildrar hönnunar og almenningur hefur aðgang að skal setja leiðarlista frá aðalinngangsdryrum að stigum og að afgreiðslum og frá stigum að afgreiðslum á öllum öðrum hæðum bygginganna. Leiðarlistar eiga að vera þannig gerðir að sjónskertir og blindir með hvíta stafinn geti notað þá til að rata. Best er að leiðarlistarnir séu með góðum litamismun við yfirborðsefnið eða 60 mælt í LRV kerfinu og með upphleypt munstur að hámarki 5 mm.



Leiðbeiningar



Mynd 3. Dæmi um leiðarlista og áherslumerkingarsvæði


Í 3. mgr. 6.4.6 gr. segir: „Sé þörf á tröppum í byggingum eða á svæðum sem almenningur hefur aðgang að skal reynt að hafa ekki færri uppstig en þrjú í hverjum tröppum. Eftir fremsta megni skal forðast að setja eitt þrep sem tröppu.“

Færri en þrjú uppstig í tröppum auka líkurnar á slysum þar sem fólk áttar sig síður á hæðarbreytingunum þegar þær eru minniháttar.


3 Í 4. mgr. 6.4.6 gr. segir: „Almennt ber að forðast að hafa hvassan kant á frambrún þreps í byggingum eða slétta kanta, t.d. úr stáli eða öðrum efnum sem geta verið hál.“

Forðast ber að hafa hvassan kant fremst á tröppunefi því það getur valdið meiri skaða ef slys verða í tröppunum.

4 Í 5. mgr. 6.4.6 gr. segir: „Bil milli þrepa í opnum stigum bygginga má ekki vera meira en 89 mm.....“




Mynd 4. Dæmi um opinn stiga



Mynd 5. Dæmi um opinn stiga

5. mgr. 6.4.6 gr. „.....Sé bil samsíða stiga, t.d. milli stiga og veggjar eða milli stigapalls og veggjar má slíkt bil ekki vera meira en 50 mm að breidd nema því aðeins að aðgangur að því sé hindraður t.d. með handriði.“



Mynd 6. Bil milli veggjar og stiga



Leiðbeiningar


- 5** Í 6. mgr. 6.4.6 gr. segir: „Merking hæðarbreytinga í byggingum og stigapalla skal vera í samræmi við leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar.“
- 6** Þar sem algildrar hönnunar er krafist svo sem í opinberum byggingum, atvinnuhúsnæði og sameign íbúðabygginga, skal fyrir enda ofanverðra trappa leggja annarskonar yfirborðsefni í lit og áferð í 0,9 m lengd frá brún trappa og í fullri breidd þeirra. Þetta er gert til að vekja athygli fólks og sérstaklega sjónskertra á að hæðarbreyting sé framundan.



Mynd 7. Dæmi um breytt yfirborðsefni, lengd 0,9 m x full breidd trappa

- 7** Í 7. mgr. 6.4.6 gr. segir: „Hönnun, frágangur og gerð stiga, s.s. opinna stiga, brunastiga o.þ.h., skal vera þannig að ekki sé hætt á að sjónskertir eða blindir gangi á þá eða innundir þá.“

Öllum stafar hætt á að ganga á stiga eða innundir þá. Til að hindra slys er til dæmis hægt að setja upp handrið/vörn. Best er að handrið sé þannig hannað að sjónskertum og blindum stafi ekki hætt á. Best er að það sé í góðum litamismun við vegg/tröppur að minnsta kosti 60 mælt í LRV kerfinu. Setja skal vörn í um það bil 0,9 m hæð frá gólfi auk varnar í um það bil 0,2 m hæð frá gólfi fyrir hjólastóla og sjónskerta. Þegar annarskonar lokun er undir stigum skal tryggja að að sjónskertum og blindum stafi ekki hætt á.



Mynd 8. Dæmi um frágang undir stiga



Leiðbeiningar

6.4.6

Útgáfa 2.1
Dags. 18.06.2018

Tilvísanir

- <http://www.rabygg.is/adgengi>
- <http://ww.ncscolour.co.uk>